

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti)

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar og gert tillögu að skiptingu á einstökum safnliðum, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin fékk á sinn fund Gísla Þór Magnússon, Auði B. Árnadóttur, Mörtu Guðrúnu Skúladóttur og Jenný Báru Jensdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kristínu Ingólfssdóttur frá Háskóla Íslands, Ara Kristin Jónsson frá Háskólanum í Reykjavík, Magnús Árna Magnússon frá Háskólanum á Bifröst, Stefán B. Sigurðsson frá Háskólanum á Akureyri, Ágúst Sigurðarson frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skúla Skúlason frá Háskólanum á Hólum, Hjálmar H. Ragnarsson frá Listaháskóla Íslands, Yngva Pétursson frá Menntaskólanum í Reykjavík, Má Vilhjálmsson og Hjördísi Þorgeirsdóttur frá Menntaskólanum við Sund, Gísla Ragnarsson frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Örlýg Karlsson frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og Hörð Ó Helgasson frá Fjölbrautaskóla Vesturlands, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ragnar Bragasson, Björn Th. Arnason, Karen Maríu Jónsdóttur og Jón Rafnsson frá Bandalagi íslenskra listamanna og Stefaníu G. Kristinsdóttur og Þorvaldur Jóhannsson frá Þekkingarneti Austurlands.

Heildarútgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 63.846,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 7.351,7 m.kr., sem nema 11,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 56.495 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.894,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.600,9 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins dragast saman um 3.899,9 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum lækka útgjöldin um 3.868,3 m.kr. á milli ára eða sem svarar til 6,4%. Eins og fram kemur í frumvarpinu má skipta breytingum á útgjöldum í fjóra þætti. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.627,5 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi koma til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 349,3 m.kr. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna að fjárhæð 621,7 m.kr. Að lokum bætast við verðlagsbreytingar ársins 2011, sem áætlaðar eru til hækkunar 486,3 m.kr. og til lækkunar, vegna gengisáhrifa, 454,7 m.kr. eða nettóhækkun sem nemur 31,6 m.kr. Rekstrargjöld mennta- og menningaráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.965,3 m.kr. og lækka þau frá gildandi fjárlögum um 1.906,9 m.kr. eða 7,2% af rekstrarveltu að raungildi.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um ýmis verkefni. Nefndin vekur athygli á að með hliðsjón af yfirvofandi niðurskurði er mikilvægt að standa vörð um starfsemi þekkingarsetra um land allt og hvetur til þess að samræmd stefna verði mörkuð um framlög til rekstrar þeirra. Nefndin bendir sérstaklega á að mikilvægt sé að treysta rekstrargrundvöll þeirra þekkingarsetra þar sem samningur við stjórnvöld rennur út um áramót en hefur ekki verið endurnýjaður.

Heildarfjárveiting til háskóla og rannsóknna lækkar um 1.539 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar verðlagsbreytingar sem nema 182,2 m.kr. Samkvæmt

frumvarpinu eru fjárframlög til háskóla og háskólastofnana lækkuð á bilinu 5% til 9% en fjárlög í samkeppnissjóði á sviði rannsókna eru lækkuð minna, eða um 4%. Áform eru uppi um að auka samstarf og samnýtingu opinberu háskólanna og mynda svokallað samstarfsnet þeirra en aðrir háskólar eru einnig hvattir til að auka samstarf sín á milli. Menntamálanefnd styður viðleitni til samstarfs og sameiningar háskóla á Íslandi með það fyrir augum að bæta nýtingu opinbers fjár til háskólastigsins, auka sérhæfingu og verkaskiptingu háskólanna og efla háskólasamfélagið á Íslandi til framtíðar. Hins vegar lýsir nefndin yfir áhyggjum af niðurskurði fjárveitinga til háskóla, rannsóknarsjóða og rannsóknarstarfsemi sem eru grundvöllur nýsköpunar og forsenda endurreisnar hagkerfisins. Nefndin telur einnig brýnt að huga sérstaklega að eflingu verk- og raungreinamenntunar í landinu þar sem skortur er á vinnuafli með slíka menntun til starfa í helstu vaxtargreinum atvinnulífsins, ekki síst hugverkaiðnaðinum. Þrátt fyrir almennan niðurskurð á fjárlögum ársins 2011, vill nefndin leggja áherslu á að brýnt er að forgangsraða í þágu þeirra greina sem veitt geta samfélaginu viðspyrnu til nýrrar atvinnusóknar. Nefndin leggur jafnframt til að hugað verði að því að fjölga störfum í menningargeiranum með samstarfi stofnana, frjálsra félagasamtaka og einkaaðila við Atvinnuleysistryggingarsjóð þess efnis að aðilar sem ráða til sín starfsfólk af atvinnuleysisskrá fái endurgreiddan hluta af tryggingargjaldi, sem stendur undir fjármögnun sjóðsins.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 1.197,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 5,8% frá fjárlögum 2010. Við útfærslu hagræðingar á framhaldsskólastigi var reynt að hlífa rekstri framhaldsskóla í því skyni að tryggja sérstaklega nemendum á fræðsluskyldualdri og nemendum á starfsbrautum inngöngu í framhaldsskóla. Þess í stað var gengið á safnlið málaflokksins með því t.d. að draga verulega úr framlagi til námsefnisgerðar og fella niður framlag til sjálfsmatskerfis í framhaldsskóla. Nefndin hefur fjallað ítarlega um stöðu framhaldsskóla og ljóst er að niðurskurður undanfarinna ára hefur tekið sinn toll. Einnig telur nefndin að endurskoða þurfi þá miklu hækkun sem orðið hefur á leigusamningum við Fasteignir ríkissjóðs hjá þeim framhaldsskólum sem eru í húsnæði á vegum ríkisins en þessi hækkun eykur verulega á vanda framhaldsskólanna og skerðir enn það hlutfall fjárveitinga þeirra sem rennur til kennslu. Það er álit nefndarinnar að leita verði allra leiða til að draga úr niðurskurði á framlögum til framhaldsskóla, þar sem vandséð er að hægt verði að verja grunnþjónustu þeirra miðað við óbreyttar forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Heildarfjárveiting til Lánsjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 713 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Þessi lækkun skýrist af því að lánþegar á Íslandi reyndust vera 10% færri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga yfirstandandi árs.

Heildarfjárveiting til málefnaflokka á sviði menningar, lista, íþróttar og æskulýðsmála lækkar um 632,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og lækka framlögin að jafnaði um 9% frá fjárlögum 2010. Leitast var við að draga úr framlögum til styrkja og verkefna sem eru ekki lögbundin fremur en að skerða lögbundna starfsemi og grunnstarfsemi stofnana sem ríkið rekur. Menntamálanefnd leggur sérstaka áherslu á að framlög til Kvikmyndasjóðs Íslands verði endurskoðuð til hækkunar þar sem sjóðurinn varð fyrir mun meiri niðurskurði en flestar stofnanir menningargeirans í fjárlögum ársins 2010. Sjóðurinn er lífæð kvikmyndagerðar í landinu en styrkir úr sjóðnum eru jafnframt forsenda þess að íslenskir kvikmyndagerðarmenn geti sótt viðbótarfjármagn til útlanda. Athuganir kvikmyndaframleiðanda hafa leitt í ljós að hver króna sem veitt er til kvikmyndagerðar á Íslandi laðar til sín nærri tvöfalt meira fjármagn í formi erlendra styrkja með tilheyrandi veltuáhrifum fyrir hagkerfið, að ógleymdu mikilvægi íslenskra kvikmynda sem sýndar eru á erlendum vettvangi fyrir ímynd lands og þjóðar og aukinn ferðamannastraum til landsins.

Menntamálanefnd veur sérstaka athygli á því að framlög til verkefnisins Tónlist fyrir alla á lið 02-982-1.27 hafa verið felld niður. Nefndin vill eindregið hvetja til þess að sú ákvörðun verði endurskoðuð þar sem verkefnið hefur um árabil boðið grunnskólanemum upp á fjölbreytta tónlist í flutningi atvinnutónlistarfólks úr mismunandi greinum og á síðastliðnu ári nutu 10.000 þúsundur nemendur ríflega 100 tónleika víða um land. Nefndin vill árétta að mikilvægt er að styðja við bakið á kynningarmiðstöðvum listgreina og birtist það m.a. í tillögum nefndarinnar varðandi ráðstöfun fjármagns af safnliðum til kynningarmiðstöðva sviðslista, hönnunargreina og tónlistar.

Nefndin leggur til að unnin verði fagleg úttekt á starfi æskulýðssamtaka á landinu er feli í sér yfirlit um ráðstöfun opinbers fjár til málaflokksins og mat á þeim árangri sem fjárveitingarnar hafa skilað ungu fólki á Íslandi. Nauðsynlegt sé að þeir fjármunir sem varið er til þessa málaflokks nýtist æsku landsins sem best.

Nefndinni bárust 138 umsóknir um fjárveitingar af safnliðum og komu 49 umsækjendur á fund nefndarinnar. Nefndin áréttar það sem komið hefur fram í álitum menntamálanefndar um fjárlög síðustu ára að nauðsynlegt er að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Tryggt verði að úthlutun fjármuna verði byggð á faglegum forsendum, gagnsæi, svæðisbundnum þörfum og virku eftirliti með nýtingu fjármuna.

Nefndin leggur til að 39 umsækjendur fái styrk. Mikill niðurskurður er á framlögum til safnliða, sem nemur um 42% milli ára, og er ljóst að ekki er hægt að verða við nema litlum hluta beiðna. Má þar til dæmis nefna safnlið 02-982-1.90, Listir framlög, þar sem einungis 11,6 m.kr. eru til ráðstöfunar en umsóknir nema 154,7 m.kr. Við mat á umsóknum lagði nefndin sérstaka áherslu á að styrkja verkefni sem stuðla að menntun og menningariðkun barna og unglunga og nýsköpun, eru ætluð almenningi, skapa atvinnutækifæri eða ýta undir verðmætasköpun. Einnig lagði nefndin áherslu á hve mikilvægt framlagið er fyrir framgang verkefnisins og hvort framlagið sé forsenda fyrir öðrum styrkjum. Nefndin vísar nokkrum umsóknum til frekari umfjöllunar og afgreiðslu í fjárlaganefnd. Þar ber fyrst að telja umsókn Leikfélags Reykjavíkur þar sem óskað er eftir margföldu ráðstöfunarfé nefndarinnar á sviði lista. Augljóst er að nefndin er ekki í fær um til að veita styrki af þeirri stærðargráðu og vísar umsókninni til afgreiðslu fjárlaganefndar. Nefndin vísar jafnframt til fjárlaganefndar umsókn Handverks og hönnunar sem sækir um 20 millj.kr. framlag af fjárlagaliðnum: Ýmis framlög þar sem 47,5 millj.kr. eru til ráðstöfunar. Þá vísar nefndin umsókn Iceland Airwaves til fjárlaganefndar með þeirri ábendingu að hún verði metin með hliðstæðum hætti og alþjóðlegar hátíðir á vegum annarra listgreina, svo sem Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF og Bókmenntahátíð í Reykjavík, þar sem lögð er áhersla á að kynna verk íslenskra listamanna ásamt úrvali erlendra listamanna, fyrir innlendum og erlendum gestum.

Nefndin leggur áherslu á að móta þurfi stefnu um það á hvaða forsendum skuli meta umsóknir um rekstrarstyrki til félagasamtaka og annarra einkaaðila á sviði menningar, lista, æskulýðs- og íþróttamála. Nefndin telur að alla jafna eigi að leggja áherslu á verkefnastyrki fremur en styrki til almenns rekstrar. Hins vegar telur nefndin að þegar tilefni þykir vera til að veita rekstrarstyrki eigi að útfæra þá í sérstökum þjónustusamningum til nokkurra ára, þar sem réttindi og skyldur aðila eru útlistaðar. Slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér aukið aðhald fyrir báða aðila og veitir viðkomandi styrkþegum svigrúm til að skipuleggja starfsemi sína lengra fram í tímann.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 22. nóv. 2010.

Skúli Helgasson

Lilja M3sesd3ttir
Pr3inn Bertelsson
J3n3na R3s Gu3mundsd3ttir
Oddn3 Har3ard3ttir me3 fyrirvara
Ragnhei3ur R3khar3sd3ttir

02-982-1.90 Listir

| Umsækjandi | Nánari skýring | Beiðni 2011 | Fjarlæg 2010 | Tillaga |
|---|---|----------------|-----------------|-------------|
| Draumasmíðjan, döff leikhús | Draumasmíðjan, döff leikhús, uppbygging o.fl. | 15,0 | 2,0 | 2,0 |
| Reykholts hátíð/Samhjómur ehf. | Reykholts hátíð 2011. | 2,0 | 1,0 | 1,0 |
| LungA, listahátíð ungs fólks, Austurlandi | LungA, listahátíð ungs fólks. | 4,0 | 3,0 | 2,0 |
| Músík í Mývatnssveit | Músík í Mývatnssveit, tónlistarhátíð. | 2,0 | 1,0 | 1,0 |
| Þjóðleikur á Austurlandi og þjóðleikur á Norður | Þjóðleikur, leiklistarhátíð ungs fólks. | 2,5 | | 1,5 |
| Sumartónleikar í Skálholtskirkju | Sumartónleikar í Skálholtskirkju | 4,0 | | 1,0 |
| Sveitarfélagið Garður | Listaveislan "Ferskir vindar í Garði" | 1,5 | | 1,0 |
| Samtök um danshús | Samtök um danshús, dansverkstæði. | 3,1 | | 1,5 |
| | | | | 11,0 |
| | Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: | | | 11,6 |
| | Mismunur | | | 0,6 |

02-984-190 Norræn samvinna

| Umsækjandi | Nánari skýring | Beiðni 2011 | Fjarlæg 2010 | Tillaga |
|---------------------------|---|----------------|-----------------|------------|
| Norræna félagið á Íslandi | Norræna félagið á Íslandi. | 12,0 | 7,4 | 6,7 |
| | | 12,0 | 7,4 | 6,7 |
| | Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: | | | 6,7 |
| | Mismunur: | | | 0,0 |

02-983-111 Styrkir til útgáfumála

| Umsækjandi | Nánari skýring | Beiðni 2011 | Fjarlæg 2010 | Tillaga |
|-----------------------|--|----------------|-----------------|---------|
| Ástráður Eysteinnsson | Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræði: | 3,0 | | 1,0 |
| IBBY á Íslandi | IBBY á Íslandi, barnamenning og bókmenntir | 1,0 | | 0,80 |

| | | | | |
|-------------------|--|------|-----|-------------|
| Saga forlag | Heildarútgáfa Íslendingasagna á dönsku, norsku c | 10,0 | 3,0 | 1 |
| Snorri Baldursson | Lífriki Íslands: Vistfræði lands og sjávar. | 2,5 | | 1,0 |
| | | | | <u>3,80</u> |
| | Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: | | | 4 |
| | Mismunur | | | 0,20 |

02-919-1.90 Söfn, ýmis framlög

| Umsækjandi | Nánari skýring | Beiðni 2011 | Fjarlæg 2010 | Tillaga |
|---------------------------------------|--|----------------|-----------------|-------------|
| Akureyrarstofa/Minjasafnið á Akureyri | Akureyrarstofa, skáldahúsin. | 5,8 | 3,0 | 2,5 |
| Flugminjasafn Egils Ólafssonar | Flugminjasafn Egils Ólafssonar. | 1,5 | | 2,0 |
| Kvennasögusafn Íslands | Kvennasögusafn Íslands, rekstur. | 2,6 | 1,0 | 1,5 |
| Selasetur Íslands | Selasetur Íslands, starfsemi. | 7,5 | 5,0 | 4,0 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | Sveitarfélagið Skagafjörður, Sögusetur íslenska he | 12,0 | 4,2 | 4,0 |
| | | | | <u>14,0</u> |
| | Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: | | | 16,5 |
| | Mismunur | | | 2,5 |

02-999-190 Ýmis framlög

| Umsækjandi | Nánarl skýring | Beiðni 2011 | Fjarlæg 2010 | Tillaga |
|--|--|----------------|-----------------|---------|
| Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi | Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, fræðsluvefu | 3,0 | | 1 |
| Fjallabyggð | Fjallabyggð, Þjóðlagasetur á Siglufirði. | 0,0 | 1 | 1 |
| Mats Wibe Lund | Heimildamyndasafnið "Ásýnd Íslands úr lofti". | 2,5 | | 0,8 |
| Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðr | Handritin heima, fræðsluvefur um íslensk handrit | 4,0 | | 1,0 |
| Hönnunarmiðstöð Íslands | Hönnunarmiðstöð Íslands, hönnunarkaupstefna. | 3,6 | | 1,5 |
| Kaupvangur, menningar- og fræðasetur Vopni | Kaupvangur, Vopnafirði, heiðarbýlaverkefni. | 4,2 | 2 | 1,5 |

| | | | | |
|--|--|------|-----|-------------|
| Kirkjubæjarstofa | Kirkjubæjarstofa. | 10,0 | 5 | 2 |
| Kvenfélagasamband Íslands | Kvenfélagasamband Íslands, Leiðbeiningastöð he | 10,7 | 3,0 | 2,0 |
| Kvenfélagasamband Íslands | Kvenfélagasamband Íslands, rekstur. | 14,0 | 5,0 | 3,0 |
| Kvenréttindafélag Íslands | Kvenréttindafélag Íslands. | 5,0 | 3,9 | 1,0 |
| Leiklistarsamband Íslands | Leiklistarsamband Íslands, kynningarmiðstöð ísle | 2,5 | | 2,0 |
| Miðstöð menningarfræða á Austurlandi | Miðstöð menningarfræða á Austurlandi. | 9,0 | 8,0 | 1,0 |
| Miðstöð munnlegrar sögu | Miðstöð munnlegrar sögu. | 5,0 | 2,0 | 1,5 |
| MIRRA - Miðstöð innflytjendarannsóknna í Rey | MIRRA, rannsóknir á innflytjendamálum. | 14,0 | 6,0 | 3,0 |
| Músík og saga ehf. | Músík og saga, munnleg geymd. | 2,5 | 1,0 | 1,0 |
| Sagnabrunnur ehf. | Sagnabrunnur ehf., söfnun á hljóðupptökum og n | 5,0 | | 1 |
| Sögufélag | Sögufélag. | 3,0 | 1 | 1,5 |
| Textílsetur Íslands ses. | Textílsetur Íslands. | 13,0 | 1,4 | 1,5 |
| Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar | Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, átaksver | 10,0 | 6 | 8 |
| Vestfirðir á miðöldum | Vestfirðir á miðöldum. | 8,0 | 5 | 3 |
| Þor ehf. | Þor ehf., samræmdar árangursmælingar fyrir ríki: | 0,9 | | 0,5 |
| Þorpið, skapandi samfélag á Austurlandi | Þorpið, átaksverkefni í vöruhönnun úr austfirskur | 4,2 | | 1,5 |
| | | | | <u>40,3</u> |

Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: 47,5

Mismunur 7,2

02-988-190 Æskulýðsmál

| Umsækjandi | Nánari skýring | Beiðni 2011 | Fjarlog 2010 | Tillaga |
|-----------------------------|--|----------------|-----------------|------------|
| Landssamband æskulýðsfélaga | Landssamband æskulýðsfélaga, rekstur. | 10,4 | 5,0 | 6,0 |
| Snorraverkefnið | Snorraverkefnið. | 6,0 | | |
| Sumarbúðirnar Ævintýraland | Sumarbúðirnar Ævintýraland, barna- og æskulýðs | 5,0 | | |
| | | <u>21,4</u> | <u>5,0</u> | <u>6,0</u> |

Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: 5,9

Mismunur: -0,1

Mismunur alls

10,40